


*MÁVAHLÍÐ í Fróðárhreppi. Þar bjó fyrrum Þórarinn svarti Þórólfsson og þar börðust þeir Þorbjörn digri frá Fróðá. Konur báru klæði á vopnin og lét þá Auður húsfreyja hönd sína. Collingwood stansaði í Mávahlíð, „unaðslegum stað", og þá kaffi. Bærinn er hinn reisulegasti, prýddur skífuklæðningu. Um síðustu aldamót bjó Kristján Þorsteinsson í Mávahlíð ásamt Sigurlínu Þórðardóttur konu sinni og sjö börnum þeirra. (23. júní)*